



Þema 5. bekkur 2024-2025

Þemu í 5. bekk eru: Hafið, Landnám Íslands, Ísland hér búum við.

Íslendingar þurfa, sem hluti af samfélagi þjóða, að vera meðvitaðir um að tækni, mannlegar ákvarðanir og gjörðir hafa áhrif á sameign allra jarðarbúa, nú og til framtíðar eins og kemur fram í Aðalnámskrá grunnskóla. Allir eiga að geta tekið virkan þátt í samfélagi, þar sem umræður og ákvarðanir hversdagsins grundvallast á upplýstum og gagnrýnum viðhorfum. Í náttúrugreinum þarf þekkingu, leikni og hæfni til að svo geti orðið. Undir náttúrugreinar í grunnskóla heyrja m.a. náttúrufræði, eðlisvísindi, jarðvísindi, lífvísindi og umhverfismennt.

Undir samfélagsgreinar heyrja nú meðal annars námsgreinar sem kenndar hafa verið í íslenskum skólum undir samheiti samfélagsgreina, samfélagsfræði, sem afmarkaðir námsþættir eða námssvið eins og kemur fram í Aðalnámskrá grunnskóla. Þar er einkum um að ræða sögu, landafræði, þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni og heimspeki ásamt siðfræði. Þær byggja einnig á þekkingu og stefjum úr öðrum fræðigreinum félags-, mann- og hugvísinda.

Markmið kennslunnar í þema er að taka á öllum þessum flokkum með fjölbreyttum kennsluaðferðum og námsefni.

Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum.

Kennari notar fjölbreyttar kennsluaðferðir eins og stöðvavinnu, beina kennslu, innlagnir, samvinnunám. Kennt er í stórum og litlum hópum þar sem kennari nýtir sér hringekjuaðferð þar sem öllum nemendahópnum er skipt í þrjá hópa. Hver kennslustund hefst á innlögn þar sem nemendum er gert grein fyrir til hvers er ætlast af þeim í lotunni og hvaða námsefni liggur fyrir.

Námsefni og gögn - Hvað notum við í náminu.

Komdu og skoðaðu Hafið, Hreint haf, Komdu og skoðaðu landnámið, Víkingaöld og Ísland, hér búum við og fleira.

Námsmat – Hvað og hvernig er nám og vinna metin?

Kennari metur virkni og vinnusemi í kennslustundum og leggur fyrir kannanir, jafningjamat og sjálfsmat. Áhersla er lögð á leiðsagnarnám þar sem nemendur eru þátttakendur í námsmatsferlinu og endurgjöf er regluleg, hefur skýran tilgang, er greinandi, jákvæð og gagnleg, þ.e. að nemendur geti notað endurgjöfina til að meta hvort þeir hafi náð árangri.

Kennarar – Alma Rut Sigmundardóttir og Hulda Dagmar Magnúsdóttir